

2018

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 366/1990. **Grétar Haraldsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,

Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og

Íslandsbanka hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1990. Áfrýjað er nauðungaruppboði á hluta fasteignarinnar Kleppsvegar 150 í Reykjavík, sem fram fór 28. september 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til mars 1991. Hefur hann síðan fengið frest fimm sinnum, þ.e. til maí, júní, október, nóvember og til reglulegs þingdags 2. desember sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til 8. janúar 1992 til framlagningar dómsgerða og ágrips.

Af hálfu stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá gera þeir kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti

Af hálfu stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða var þing ekki sótt 2. desember sl.

Mótmæli sin styðja stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. þeim rökum, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings.

Þann 2. desember sl. voru liðnir tæpir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Með þetta í huga og þar sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt frekari frestun málsins, ber að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík og Íslandsbanka hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

2019

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Grétar Haraldsson, greiði stefndu Gjaldheimt-
unni í Reykjavík og Íslandsbanka hf. 15.000 krónur hvorum
í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
